

140 aður, skal hjermeð þjónustusamlega skorað á yður, herra amtmaður, að annast um, að 30. nóv. aukakosning fari fram í Vestmannaeyjasýslu til þess að kjósa alþingismann í stað hins látna fyrir það sem eptir er af kjörtímanum, sem nú stendur yfir.

141 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 30. nóv. greiðslu málskostnaðar í landamerkjamáli. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 23. septbr. þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, þar sem hann fer þess á leit, að helmingur hins úrskurðaða málskostnaðar í landamerkjamáli milli Hólma og Borga verði greiddur honum úr landssjóði með kr. 60,75, með því að sóknarpresturinn að Hólumum hafi haft gjafvörn í málinu fyrir hönd Hólmakirkju.

Út af þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir sýslumanninum í Suður-Múlasýslu, að eins og ekki er heimild til að greiða áminnztan málskostnað úr landssjóði til fullnaðar samkvæmt lögum um gjafsóknir 12. júlí 1878, 5. gr., með því að landamerkjadómur Suður-Múlasýslu í málinu er ónýttur af landsyfirdóminum og það þannig ekki er ákveðið með fullnaðardómi, að málskostnaðurinn eigi að greiðast af almannaþje, þannig er heldur ekki heimild til að greiða hann fyrirfram úr landssjóði samkvæmt lögum um borgun til hreppstjóra og fl., 13. janúar 1882, 13. gr., því að af málskostnaðarreikningnum verður ekki sjæð, að varnaraðili, sem gjafvörnina hafði, hafi beiðst neinnar af gjörðum þeim, sem gjald er reiknað fyrir, og tekur því ekki til hans nje landssjóðs fyrir hans hönd að greiða fyrirfram gjöldin fyrir þessar gjörðir, heldur til sóknaraðila sem gjörðarbeiðanda.

142 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um eptirlaun prestaekku. — I 30. nóv. þóknanlegu brjefi 6. þ. m. hafa hin heiðruðu stiptsyfirvöld beiðst úrskurðar míns um það, hvort eigi megi greiða annari af þeim tvögim prestsekkjum, sem nú eru í Saurbæjarprestakalli í Eyjafirði, eptirlaun úr landssjóði, enda þótt þær báðar hafi verið komnar á eptirlaun áður en lög 3. okt. 1884 um eptirlaun prestaekku komu í gildi, og hafið þjer jafnframt tekið það fram, að eptir því sem þjer getið rjettast skilið, virðist nýnefnad lög hafa sett það upp sem almenna ákvörðun, að engin prestsekkja megi fá minni eptirlaun en 100 kr. á ári (sbr. 1. og 5. gr.), en mikið vanti á, að þetta eigi sjer stað hjer, þar sem prestsekkjur þær, sem hjer sje um að ræða, fáí hvor um sig aðeins 55—60 kr. í eptirlaun á ári, og þó að ekkjur þessar sjeu presrsekkjur í betra meðalbrauði yrðu þær þannig, með öðrum skilningi á lögnum, ver settar en prestsekkjur frá fátækum brauðum.

Útaf þessu undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að skilningur sá, er þjer þannig hafið látið í ljósi á lögum 3. okt. 1884, hefir að mínu áliti ekki stoð í þessum lögum, sem aðeins, að undantekinni 5. gr., ræða um *konur þær, sem hjer á eptir verða ekkjur presta*, og geta áminnstar prestsekkjur í Saurbæjarprestakalli því eigi átt neitt tilkall til eptirlauna úr landssjóði samkvæmt nefndum lögum. En að því er snertir þá ástæðu stiptsyfirvaldanna fyrir skilningi yðar, að prestsekkjur þessar sjeu ver settar en prestsekkjur frá fátækum brauðum, sem njóta góðs af 5. gr. laganna, þá vil jeg benda yður á það, að í frumvarpi stjórnarinnar til